



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Sjávarútvegs-og Landbúnaðarráðuneytið
Hinrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Patreksfirði, 27. janúar 2012
1110091 ÁS

Efni: Sérreglur vegna byggðakvótaúthlutunar í Vesturbyggð samþykktar.

Á fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar í gær voru sérreglur vegna byggðakvótaúthlutunar í Vesturbyggð samþykktar.
Niðurstaðan er þessi:

1. 1110091 - Sjávarútvegsráðuneytið byggðakvóti 2011-2012.

Lagðar fram reglur um úthlutun byggðakvóta til úthlutunar á Brjánslæk, Bíldudal og Patreksfirði:
Vesturbyggð, Brjánslækur.

Ákvæði reglugerðar nr. 1182 frá 21. desember 2011 gilda um úthlutun byggðakvóta Brjánslækjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. breytist þannig: .. miðað við landaðan afla í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags á tímabilinu....o.s.frv.
- Ákvæði 1. málsl. 6. gr. breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins afla sem nemuro.s.frv.

Vesturbyggð, Bíldudal

Ákvæði 4. gr. breytist og verður: Byggðakvóta Bíldudals 133 þorskígildistönnum skal úthlutað þannig: 2/3 hlutum skal úthluta hlutfallslega til fiskiskipa sem landað hafa afla til vinnslu á Bíldudal á tímabilinu 1. september 2011 til 31. desember 2011. Eftirstöðvum 1/3 hluta skal úthluta samkvæmt ákvæðum 4. gr. reglugerðar nr. 1182/2011, með þeim breytingum að orðin " innan viðkomandi byggðarlags" falli brott og einnig falli eftirfarandi setning brott: „Afli af fiskiskipum sem landað er í byggðarlagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi byggðarlags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.“

Vesturbyggð, Patreksfjörður

Ákvæði reglugerðar nr. 1182 frá 21. desember 2011 gilda um úthlutun byggðakvóta Patreksfjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

6. gr. 1. mgr. breytist og fellur þar á brott setningin: „Einnig er það skilyrði fyrir úthlutun að ekki hafi verið flutt meira aflamark í þorskígildum talið á fiskveiðarárinu 2011/2012, frá viðkomandi fiskiskipum en flutt hefur verið til þeirra þegar afhending aflamarks á sér stað.“

GE og SH lýstu sig vanhæf í málinu vegna tengsla við aðila máls. Samþykkt samhljóða að þau fái að víkja af fundi.

Til máls tóku: FM, ÁSG, forseti og ÁS.

Reglur um úthlutun byggðakvóta Brjánslækjar, Bíldudals og Patreksfjarðar samþykktar samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Asthildur Sturhúsdóttir
Bæjarstjóri